



SAMKEPPNISTILBOÐ til hluthafa í Vinnslustöðinni hf. kt. 700269-3299 , Vestmannaeyjum

Stilla eignarhaldsfélag ehf. kt.460607-0270, Nóatúni 17, 105 Reykjavík býður hluthöfum í Vinnslustöðinni hf., Vestmannaeyjum að kaupa hlutabréf þeirra í félaginu með eftirgreindum skilmálum. Tilboðsgjafi og tengd félög ráða samtals yfir samtals 31,72% hlutafjár í Vinnslustöðinni hf.

Tilboð þetta er sett fram af hálfu Stillu eignarhaldsfélags ehf. á grundvelli 45. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti sem heimilar gerð samkeppnistilboðs til þess að mæta gildandi yfirtökutilboði sem gert hefur verið til hluthafa í félagi sem skráð er á skipulegum verðbréfamarkaði.

Tilboðshafar

Tilboð þetta er í alla hluti í Vinnslustöðinni hf. sem eru í eigu annarra hlutahafa en Stillu ehf. og Vinnslustöðvarinnar hf. Hluthafar sem skráðir eru í hluthafaskrá Vinnslustöðvarinnar hf. við lokun markaða fimmtudaginn 7. júní 2007 munu fá sent til sín tilboðsyfirlit, framsalseyðublað og áletrað svarsendingarumslag.

Framangreind gögn er einnig hægt að nálgast á skrifstofu umsjónaraðila. Að auki má nálgast gögnin í fréttakerfi OMX/Kauphallar Íslands hf. (www.omxgroup.com/nordicexchange/markadsfrettir/fyrirtakjatilkynningar)

Tilboðsverð

Tilboðsverðið er kr. 8,5 – átta krónur og fimmtíu aurar - í reiðufé fyrir hvern kvaða- og veðbandalaus hlut og er þetta tilboð 85% hærra en sem nemur skyldutilboði Eyjamanna ehf. sem sett var fram til hluthafa í Vinnslustöðinni hf. á grundvelli 37.gr. laga nr. 33/2003 og tók gildi þann 13.mái 2007 með gildistíma til 11. júní 2007. Tilboðsverðið er hið hæsta sem boðið hefur verið í hlut í Vinnslustöðinni hf.

Gildistími tilboðs

Tilboð þetta gildir í sex vikur, frá kl. 09.00 mánudaginn 11.júní 2007 til kl.16.00 mánudaginn 23. júlí 2007 og telst löglega samþykkt ef útfyllt og undirritað framsalseyðublað berst umsjónaraðila áður en tilboðsfresti lýkur.

Greiðsla

Greiðsla verður innt af hendi eigi síðar en innan 5 daga frá lokum tilboðsfrests inn á þann bankareikning sem tilgreindur er í árituðu framsalseyðublaði seljanda.

Skilyrði tilboðs

Tilboðið er háð þeim skilyrðum sem greinir í hinu opinbera tilboðsyfirliti.

Umsjónaraðili :



Lögfræðiskrifstofa Hróbjarts Jónatanssonar hæstaréttarlögmanns, Nóatúni 17, Pósthólf 5189, 125 Reykjavík, hefur umsjón með samkeppnistilboðinu fyrir hönd tilboðsgjafans. Nánari upplýsingar veita starfsmenn skrifstofunnar í síma 533 33 33 auk þess sem hægt er að senda fyrirspurnir á vnst-tilbod@jonatansson.is eða hrobjartur@jonatansson.is

Reykjavík 5. júní 2007,